


Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra 2018

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra (HNV) er eitt 10 heilbrigðiseftirlitssvæða sem rekin eru á vegum sveitarfélaganna í landinu. Svæði HNV er víðfeðmt en það nær frá og með Fjallabyggð í austri og vestur til Húnaþings vestra og síðan alla leið suður á Hveravelli. Heilbrigðiseftirlitssvæðin hafa með sér nána samvinnu og farið er í sameiginleg verkefni og eftirlit á milli starfssvæða.

Hlutverk heilbrigðiseftirlitsins er annars vegar einkum að sinna eftirliti með starfsleyfis skyldri starfsemi og hins vegar stjórnýsla sem felur í sér lögbundnar umsagnir, m.a. um leyfisveitingar sýslumanna og skipulagsyfirvalda.



Gula svæðið á kortinu sýnir starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

Almennt

Það hafa verið gerðar talsverðar breytingar á lögum og reglum sem gilda um verkefni heilbrigðiseftirlitsins á síðustu árum.

Fyrst ber að nefna breytingar sem gerðar voru á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarnarvarnir, á árinu 2017, þegar inn í löginn var felld tilskipun nr. 2010/75/ESB, um losun frá iðnaði. Í sjálfu sér var ekki þörf á að setja umrædda Evróputilskipun inn í lagatexta. Nóg hefði verið að innleiða hana með reglugerð. Með því að fella inn í lagatextann ýmis tæknileg ákvæði í tilskipuninni urðu löginn óneitanlega óskýrari.

Fyrir utan innleiðingu á Evróputilskipuninni fól lagasetningin í sér tvær meginbreytingar á gangverki stjórnýslunnar í málaflokknum.

Í fyrsta lagi var opnað á að í stað þess að fyrirtæki og stofnanir þyrftu starfsleyfi væri hægt að skrá starfsemi í miðlægan gagnagrunn hjá Umhverfisstofnun á grundvelli þess að þau uppfylltu almennar kröfur sem gerðar verða til umræddrar starfsemi í reglugerðum. Markmið með breytingunni var að einfalda leyfisveitingarferlið fyrir hollustuháttar- og mengandi fyrirtæki, en dæmi um fyrirtæki sem flokkast til hollustuhátta er t.d. gististaður og dæmi um mengandi fyrirtæki er t.d. vélsmiðja. Nú bráðum tveimur árum síðar er staðan sú að reglugerð um skráningu fyrirtækja er ekki komin út og engin drög að reglugerð hafa heldur verið kynnt.

Í öðru lagi fól breytingin í sér að leyfisveitingarferli mengandi fyrirtækja sem ekki falla undir skráningarskylduna var gerður miklu flóknara en áður. Nú þarf að setja þrjár tilkynningar á heimasíðu heilbrigðiseftirlits og skrifa greinargerð með útgáfu starfsleyfa allra mengandi fyrirtækja ef bókstaf reglugerðarinnar er fylgt nákvæmlega eftir. Flóknara form eykur hættu á að embætti með núverandi

mannafli misstígi sig í að fylgja eftir formreglum sem snúa t.d. að skrifum á greinargerðum og auglýsingu á hvenær umsókn berst í pósthólf eftirlitsins og þar með verði hægt að draga í efa lögmæti starfsleyfa. Áður gátu heilbrigðisnefndir beitt þekkingu á staðháttum til þess að auglýsa einungis lítinn hluta af starfsleyfisskilyrðum fyrirtækja og haft svigrúm til þess að óska eftir upplýsingum um starfsemi fyrirtækja eftir því sem við átti.

Það er ljóst að breytingin hefur leitt af sér stóráukinn kostnað og vinnu fyrir heilbrigðiseftirlitin í landinu. Í kynningu stjórnvalda á fyrirhugaðri skráningarreglugerð hefur komið fram að ætlunin sé að draga úr framangreindum kostnaði.

Hugmyndin er sú, eins og segir hér að framan, að skráningarreglugerðin heimili að ákveðnir fyrirtækjaflokkar, þá einkum minni og einfaldari fyrirtæki, verði gerðir skráningarskyldir á vef sem Umhverfisstofnun mun reka. Þeir aðilar sem hyggja á að fá skráningu gilda þurfa áður að afla margvíslegra gagna, s.s. yfirlýsingar frá skipulagsyfirvöldum, eldvarnareftirliti, heilbrigðisnefnd, Vinnueftirliti o.fl. Ef sú verður raunin er augljóst að skráningarskyldan sem átti að einfalda leyfisveitingarferlið fyrir rekstraraðila getur í raun gert það talsvert þyngra fyrir minni rekstraraðila.

Fyrirsjáanlegt er að upp muni koma álitamál um flokkun fyrirtækja, þ.e. hvort starfsemi sé umfangslítill og aðeins skráningarskyld eða þá umfangsmeiri og falli undir starfsleyfisskyldu. Sömuleiðis má gera ráð fyrir því að þegar sami aðilinn heldur ekki utan um eftirlit, eftirlitsgjöld og síðan skráningu fari fljótlega að bera á misræmi á starfsemi sem skráð er á lista Umhverfisstofnunar sem starfandi samkvæmt leyfislistum og þeirra fyrirtækja sem raunverulega eru í gangi.

Það er ljóst að aukinn umbúnaður, þyngra leyfisveitingarferli og kröfur til skráningar kallar á fjölgun starfsfólks hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlandi vestra. Eftirlitinu er ætlað að hafa eftirlit með mjög ólíkri starfsemi sem telur rúmlega 700 aðila þar sem starfsemin getur fallið undir matvæla-, hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirlit. Vegna umfangsmikillar starfsemi eru farnar nokkrar eftirlitsferðir á ári en í minnstu fyrirtækin er farið á tveggja til þriggja ára fresti. Farið var í á sjöunda hundrað eftirlitsheimsóknir af heilbrigðisfulltrúum embættisins á árinu 2018.

Heilbrigðisnefnd og rekstur

Í 45. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 er ákvæði um heilbrigðisnefndir: Í hverri nefnd skulu eiga sæti sex menn, fimm kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, þar af skal einn vera formaður, og einn tilnefndur af samtökum atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu.

Á árinu 2018 voru haldnir átta stjórnarfundir í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra. Samþykkt voru 108 starfsleyfi til fyrirtækja á Norðurlandi vestra.

Ný heilbrigðisnefnd var skipuð í kjölfar sveitarstjórnarkosninga sem fram fóru í maí 2018.

Heilbrigðisnefnd var skipuð með eftirfarandi hætti á fyrir sveitarstjórnarkosningarnar:

Sigríður Magnúsdóttir, Skagafirði, formaður.
Ína Ársælsdóttir, Húnaþingi vestra, varaformaður
Haraldur Þór Jóhannsson, Skagafirði, ritari.
Brynja I. Hafsteinsdóttir, Fjallabyggð.
Anna Margrét Sigurðardóttir, Blönduósi.
Guðný Helga Kristjánsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda.

Skipan heilbrigðisnefndar eftir sveitarstjórnarkosningar, í maí 2018:

Ari Jóhann Sigurðsson, Skagafirði, formaður.
Ína Ársælsdóttir, Húnaþingi vestra, varaformaður.
Margrét Eva Ásgeirsdóttir, Skagafirði.
Konráð K. Baldvinsson, Fjallabyggð.
Lee Ann Maginnis, A.-Húnavatnssýslu.
Guðný Helga Kristjánsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda.

Niðurstaða reksturs heilbrigðiseftirlitsins var jákvæður upp á kr 3.501.716 kr á árinu 2018.

Helstu breytingar á starfsmannamálum heilbrigðiseftirlitsins voru að Steinunn Hjartardóttir heilbrigðisfulltrúi hætti störfum á miðju ári vegna aldurs eftir áratuga farsælt starf fyrir heilbrigðiseftirlitið. Þorsteinn Þorvarðarson heilbrigðisfulltrúi var ráðinn í tímabundið verkefni.

Mengunareftirlit



Mikilvægt er að staðsetja og hafa búnað olútanka í lagi.

Fráveita

Í nokkur ár hefur verið í gangi á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vinna við endurskoðun á reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999. Vinnu við endurskoðun á reglugerðinni lauk snemma á árinu 2018, en ekki er búið að gefa hana út. Á meðan ekki hefur verið gefin út ný endurskoðuð reglugerð hafa sveitarfélög verið í nokkurri óvissu um hvaða kröfur verða uppi til fráveitna á næstu árum og sömuleiðis hefur skort á tæknilegar leiðbeiningar. Því hafa komið fram mismunandi útfærslur hjá ráðgjafarfyrirtækjum á hvað teljist viðunandi hreinsun fyrir minni sveitarfélög. Það er mikilvægt að skýra kröfurnar með útgáfu reglugerðarinnar þar sem undirbúningur og hönnunarvinna er víða farið af stað við endurbætur á fráveitukerfum byggðarlaga. Norðurland vestra er dreifbýlt og viðtaki skólps í fjölmennustu byggðakjörnunum við sjávarsíðuna á Sauðárkróki og Siglufirði er mjög góður – það er því lítil hættu á ofauðgun vegna uppsöfnunar næringarefna. Verkefnið er fyrst og fremst að tryggja að fjarlægja föst efni og rusl úr fráveituvatni, auk þess að koma sigtaða fráveituvatninu frá landi.

Brýnt er að fjölga móttökustöðum fyrir seyru úr rotþróum. Eini fullnægjandi farvegur á svæðinu fyrir seyru er á Hvammstanga, en víða er notuð sú aðferð að skola seyru niður í fráveitukerfi sveitarfélaganna. Út frá umhverfissjónarmiðum er það ekki vel farið með verðmæt næringarefni og æskilegt að koma á betri meðferð sem miðar að fullnægjandi sótthreinsun og að halda í og endurnýta næringarefnin.

Heinsunarátök og vöktun

Sigríður Hjaltadóttir heilbrigðisfulltrúi hafði umsjón með átaki í að hreinsa lóðir á Hofsósi í maí. Átakið var unnið í samvinnu við Sveitarfélagið Skagafjörð sem sá um að fjarlægja bíla, járnarusl og fleira. Tilefni er til að efna víðar til sambærilegs átaks en ef það á að nást áþreifanlegur árangur er nauðsynlegt að viðkomandi sveitarfélög séu samstiga heilbrigðiseftirlitinu í aðgerðum.

Vöktun

Heilbrigðiseftirlitið hefur séð um vöktun fyrir mengunarmælingar á urðunarstaðnum Stekkjarvík og nokkrum aflögðum urðunarstöðum á svæðinu, þ.e. Blönduósi, Hvammstanga, Sauðárkróki og Skagaströnd. Hér fer fram talsverð gagnaöflun sem vinna má meira með og miðla til almennings. Í þessu samhengi mætti nota niðurstöður til þess að halda mikilvægi þess á lofti að safna saman spilliefnum og senda til sérstakrar förgunar, en setja spilliefnin alls ekki í almennt sorp. Hætta er á að spilliefni sem fara með almennu sorpi síst út í umhverfið með jarðvatni og hafi þannig áhrif á næsta nágrenni náttúru urðunarstaða.



Ekki eru allir bílar til þrýði.

Úrskurðir og kærur á sviði mengundarmála

Ein ákvörðun Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra á sviði mengunarmála var kærð fyrir úrskurðarnefnd um umhverfis- og auðlindamál og var niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að staðfesta ákvörðun heilbrigðisnefndarinnar.



Skotvöllur Markviss á Blönduósi, en þrjár skotvöllir eru með gilt starfsleyfi á eftirlitssvæðinu.

Matvælaeftirlit

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra birti um nokkura ára skeið niðurstöður ákveðinna eftirlitsþátta með veitingahúsum. Á árinu 2018 var matvælalögum breytt á þá leið að skylt er að birta eftirlitsskýrslur og frammistöðuflokka matvælafyrirtæki, en skylt er að koma á frammistöðuflokkun fyrir 1.1.2021. Heilbrigðiseftirlitið er þegar farið í þá vinnu að birta eftirlitsskýrslur á netinu, en ekki að birta frammistöðuflokkun. Frammistöðuflokkun getur verið snúin þar sem ekki er óalgengt að veitingastaðir skipti um hendur og sömuleiðis er starfsmannavelta oft hröð hjá lykilstarfsmönnum. Heilbrigðiseftirlitið í Reykjavík hefur farið þá leið að draga fram skýra og myndræna niðurstöðu eftirlits. Birting þess er mjög skýr og greinargóð en hefur fengið ákveðna gagnrýni frá Samtökum atvinnulífsins, þ.e. að opinberir aðilar séu að gefa einkunn um gæði. Þessi umræða er afar mikilvæg, þ.e. hvort heilbrigðiseftirlitum sé ætlað að fylgja ákveðnum skýrum lágmarkskröfum sem snúa að matvælaöryggi og gefa þá fyrirtækjum hvítan miða í kjölfarið og ef eitthvað er að verði heimilt að gefa skamman tímaramma til þess að uppfylla kröfurnar og ef það verður ekki gert verði fyrirtækjum lokað.

Fram hafa komið sjónarmið frá Neytendasamtökunum, Matvælastofnun og víðar um að taka upp danska broskallakerfið en í því felst ákveðið gæðamat eða fegurðarsamkeppni.

Veigamikill þáttur í eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra er að hafa eftirlit með fjölmörgum vatnsbólum á svæðinu. Niðurstöður vatnssýna gefa yfirleitt til kynna að ástand neysluvatns sé mjög gott, bæði hvað varðar efna- og örveruinnihald. Engu að síður komu upp alvarleg frávík á gæðum neysluvatns á Borðeyri og tók nokkrar vikur að bæta þannig úr að vatnið yrði drykkjarhæft, með því að setja upp geislunarbúnað. Það er mat heilbrigðiseftirlitsins að það þurfi að fara í frekari framkvæmdir á Borðeyri þar sem enn er hættu á að óhreinindi og grugg berist inn í vatnsleiðslur. Sigríður Hjaltadóttir heilbrigðisfulltrúi var með erindi á haustfundi heilbrigðiseftirlita um neysluvatn og fór hún meðal annars yfir þann árangur sem hefur náðst frá því að farið var að fylgja reglubundnu eftirliti í samræmi við reglugerð 536/2001, um neysluvatn.



Sigríður Hjaltadóttir.

Bændamarkaður Hofsósi


Talsverður áhugi er í samfélaginu á sölu matvæla beint frá framleiðendum og til neytenda. Umræðan er gjarnan í tengslum við vilja til að minnka vistspor og óskir neytenda um rekjanleika þannig að þeir séu upplýstir um hvað þeir láta ofan í sig. Hjá ákveðnum hluta neytenda er orðinn ríkur vilji til þess að sneiða hjá matvælum frá svokölluðum verksmiðjubúum og verksmiðjusláturhúsum þangað sem sláturgripum hefur verið ekið um langa leið.

Matís hleypti af stað sérstöku verkefni sem miðaði að nýsköpun í sveitum; örslátrun til nýsköpunarörvunar í sveitum. Einn þátturinn í verkefninu var að útbúa reglur um hvernig standa mætti að og ástandsmeta kjöt sem slátrað væri heima á bæjum, en markmiðið var annars vegar að auka verðmætasköpun í sveitum og hins vegar að koma til móts við óskir framangreinds hóps neytenda um trygg gæði heimaunninna matvæla. Umræddar reglur voru sendar víða til kynningar, m.a. til landbúnaðarráðherra.

Í tengslum við framangreind nýsköpunarverkefni var komið af stað sérstökum bændamarkaði á Hofsósi. Almennt tókst vel til með bændamarkaðinn en engin kvörtun eða athugasemd barst frá neytendum vegna matvæla sem þar voru á boðstólnum.

BÆNDAMARKAÐUR HOFÓSÍ

Skagfirskar afurðir beint frá bændum og öðrum frumframleiðendum og handverksfólki
Pakkhúsinu Hofsósi, auglýsta laugardaga kl. 13-16



Matís stendur að Bændamarkaði Hofsósi í samstarfi við skagfirsku framleiðendur
Pakkhúsið er hluti af Háskólanum í Þjóðminjasafni Íslands

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland

VERIÐ VELKOMIN !

Facebook: Bændamarkaður Hofsósi

Ýmis varningur var á boðstólnum á Hofsósi.

Það frávik átti sér stað á markaðnum að til sölu voru um 15 kg lambakjöti sem ekki voru heilbrigðis-skoðuð, en lambinu hafði verið slátrað í kjötvinnslu á sveitabæ í Skagafirði. Slátrunin var í fullu samræmi við framangreindar tillögur Matís um hvernig standa mætti að örslátrun, en ekki í samræmi við gildandi lög nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir. Í kjölfar sölunnar kannaði heilbrigðiseftirlitið málið ítarlega og óskaði eftir fundi með forstjóra MAST um hvernig taka ætti á frávikinu með samræmdum hætti. Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra gekkst fyrir því að málið yrði rætt á samráðsvettvangi heilbrigðiseftirlitanna á haustfundi heilbrigðiseftirlita.

Á haustfundinum sem fram fór í dagana 16. og 17. október 2018 kom skýrt fram hjá yfirdýralækni Matvælastofnunar að það hefði ekki verið framið neitt lögbrot á lögbýlinu þar sem slátrunin átti sér stað í Skagafirði. Yfirdýralæknir vildi hins vegar meina að brot hefði verið framið með sölu kjötsins á Hofsósi til neytenda og að það væri alfarið heilbrigðisnefndar að fylgja málinu eftir. Í framhaldinu áminnti Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra forsvarsmenn bændamarkaðarins á Hofsósi um að hafa einungis heilbrigðisskoðað kjöt á boðstólum.

Það kom því verulega á óvart að Matvælastofnun skyldi síðan kæra málið og er málið til rannsóknar hjá lögreglunni á Norðurlandi vestra.

Það er ljóst að heimaslátrun á sér stað í nokkrum mæli og í stað þess að stutt sé við viðleitni um að fá starfsemi upp á yfirborðið og tryggja þá ásættanlega meðferð og förgun á úrgangi er hætt við að ferill málsins verði til þess að starfsemin verði áfram undir yfirborðinu. Það er ljóst að á meðan svo er er afar erfitt að tryggja ásættanlega förgun á áhættuvefjum.

Burt séð frá förgun á sláturúrgangi frá heimaslátrun er afar mikilvægt að tryggja förgun á áhættuvefjum í samræmi við tillögur starfshóps umhverfisráðuneytisins sem skilaði af sér skýrslu 4. desember 2017. Landbúnaðarráð Húnaþings vestra ályktaði um málið á 158. fundi sínum þann 21. mars 2018. Heilbrigðiseftirlitið tekur undir þá ályktun enda hlýtur það að vera frumskilyrði að standa vel að eigin sóttvörnum til þess að geta gert kröfur til erlendra afurða.

Hollustuháttaeftirlit


Undir hollustuháttaeftirlit fellur m.a. eftirlit með þrif- og öryggismálum í skólum, þrifnaði á gisti- stöðum og salernum, athugun á ástandi íbúða vegna sveppagróðurs og raka, almennum þrifum og sóttthreinsun sundlaugavatns, fótaaðgerða-, húðflúr- og tannlæknastofum auk stofnana sem almenn- ingur sækir þjónustu til, s.s. heilbrigðisstofnana.



Frárennslí frá ræstivaski!

Á árinu 2018 hélt áfram umræða um myglumengað húsnæði og áfram var talsvert um að óskað væri eftir skoðun á íbúðar- og atvinnuhúsnæði með tilliti til þess hvort sveppagróður væri í húsnæðinu. Yfirleitt er húsnæði mjög gott, en umræðan og áhyggjur almennings endurspeglar oft á tíðum ekki raunverulega stöðu. Í fjölmiðlum er þung umræða um myglu og veikindi sem rakin eru til hennar, án þess að það sé staðfest með einhverjum haldbærum gögnum.

Í öllu húsnæði má finna myglugró og í flestum húsum má finna einhvern stað þar sem raka gætir, en það er ekki þar með skynsamlegt að dæma viðkomandi húsnæði sjúkt eða þá að það valdi heilsufarslegu tjóni fyrir þá sem í því dvelja.



Athugun á myglugróum.

Þar sem myglugró hafa greinst í einhverjum mæli hefur orsökina ekki síður verið léleg útloftun þar sem mikil vatnsgufa er í húsnæði, s.s. á baðherbergjum og þar sem gluggar eru ekki opnaðir.

Úrskurðir og kærur

Ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins frá árinu 2016, um að veita gististað áminningu og beita þvingunarúrræðum laga nr. 7/1998, var kærð snemma á árinu 2017. Niðurstaða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í málinu var birt í ágúst 2018 og var hún á þá leið að taka undir sjónarmið heilbrigðiseftirlitsins í málinu og vísa kærinni frá.

Apríl 2019,
Sigurjón Þórðarson framkvæmdastjóri